

Greinargerð vinnuhóps fagráðs um skýrsluna:
STARFSÞRÓUN KENNARA – Greining á sjóðaumhverfi
eftir Sigrúnu Vésteinsdóttur
hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA)

INNGANGUR

Skýrslan er unnin að beiðni *fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara* sem skipað er af mennta- og menningarmálaráðherra. Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á hvaða tækifæri kennarar hafa til starfsþróunar og hversu miklum fjármunum er úthlutað til hennar. Greiningin tekur til sjóða sem standa leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennurum til boða, skólastjórnendum og ráðgjöfum. Jafnframt er skoðuð aðkoma sveitarfélaga og framhaldsskóla að starfsþróun þessara stétta framyfir lögbundnar og kjarasamningsbundnar skyldur ríkis og sveitarfélaga svo og hlutur háskólastofnana í starfsþróun þeirra. Í inngangi skýrslunnar kemur fram að niðurstöður hennar séu ekki tæmandi en að þær gefi góða mynd af því hvaða sjóðir styðja við starfsþróun kennara, hvers konar starfsþróun er styrkt og hversu miklum fjármunum var varið í málaflokkinn árin 2012 og 2013.

Skýrslan var til umfjöllunar á fundi fagráðs, 30. september 2014. Ákveðið var að stofna vinnuhóp til þess að vinna áfram með skýrsluna þ.e. að:

- 1) leggja til ákveðnar lagfæringar á skýrslunni og taka í því sambandi tillit til viðbragða og ábendinga aðila fagráðs,
- 2) fjalla um hvaða lærdóm megi draga af henni og hvaða upplýsingar hún gefur og
- 3) setja fram tillögur og hugleiðingar sem fagráðið þarf að taka afstöðu til ásamt vangaveltum um viðfangsefni sem þyrfti e.t.v. að afla frekari gagna um.

Skýrslan er aðgengileg á vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara:

<http://www.starfsthrounkennara.is>

Þegar talað er um **kennara** í greinargerðinni er víðast átt við skólastjórnendur líka og ráðgjafa, þ.e. náms- og starfsráðgjafa og sérkennslu- og kennsluráðgjafa.

Þegar talað er um **skólagerð** er bæði vísað til skólastiga þ.e. leik-, grunn- og framhaldsskóla og einnig tónlistarskóla.

Hvoru tveggja er gert til að koma í veg fyrir endurtekna upptalningu.

Vinnuhópin skipuðu fulltrúar úr fagráði: Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Klara E. Finnbogadóttir og starfsmaður þess: Sólrún Harðardóttir.

INNIHALD SKÝRSLUNNAR Í HNOTSKURN

1. Skýrslan greinir frá möguleikum á stuðningi við starfsþróun og fjallað er um sjóði/aðila sem styðja við starfsþróun.
2. Greina má í skýrslunni hvers konar form starfsþróunar er styrkt (t.d. einstaklingsstyrkir, námsleyfi, skólaheimsóknir).
3. Greint er frá hversu miklum fjármunum var úthlutað til starfsþróunar og hvaðan þeir fjármunir koma árin 2012 og 2013.
4. Greint er frá hversu miklum fjármunum er úthlutað til starfsþróunar út frá skólastigum og til tónlistarskóla. Reiknuð er út meðalfjárhæð á stöðugildi.
5. Fjallað er um hlut íslenskra háskóla í tengslum við starfsþróun.
6. Greint er frá aðkomu sveitarfélaga og ríkis að starfsþróun fram yfir lögbundnar og kjarasamningsbundnar skyldur.

TILLÖGUR OG HUGLEIÐINGAR TIL FAGRÁÐS

1. Í skýrslunni kemur fram að rúmlega milljarði hafi árlega verið varið til símenntunar og starfsþróunar á árunum 2012 og 2013 úr þeim sjóðum sem greint er frá.
 - a. Fagrád ræði fjármagn. Er það mikið, lítið eða hæfilegt?
 - b. Hvaða skoðun hefur fagrád á nýtingu fjármagnsins?
 - c. Er ástæða til að stuðla að öðruvísi/annarri nýtingu fjármuna?
2. Fjármunir til starfsþróunar eru tilgreindir í kjarasamningum og fé sem ætlað er til starfsþróunar kennara er að stórum hluta þannig til komið. Er það æskilegur farvegur?
 - a. Fagrád skoði hvaða aðrar leiðir gætu komið til greina og hvaða kosti og galla þær hafi í för með sér. Hér sé m.a. litið til annarra landa og jafnframt þess er fram kann að koma í svörum aðila fagráðs um ábyrgð, hlutverk og skyldur þeirra varðandi símenntun og starfsþróun kennara sem stýrihópur hlutaðist til um að óska eftir í mars 2015.
3. Sjóðaumhverfi starfsþróunar er margslungið og á höndum margra aðila.
 - a. Fagrád meti hvort þörf sé á að samræma og einfalda þetta umhverfi og þá hvernig?
4. Fjárframlög til starfsþróunar eru mismunandi eftir skólagæðum. Auk þess er þörfum ákveðinna hópa kennara og skólastjórnenda (t.d. út frá kennslugreinum eða stöðu) misvel sinnt hvað varðar styrki og framboð á fræðslu (t.d. missterk faggreinafélög).
 - a. Fagrád beiti sér fyrir að greina þá hópa sem standa á einhvern hátt höllum fæti þegar kemur að framboði og stuðningi við starfsþróun.
5. Form starfsþróunar (s.s. einstaklingsstyrkir, námsleyfi, skólaheimsóknir) er mismunandi eftir sjóðum og skólagæðum. Þetta segir nokkuð um mismunandi nálgun og hugsanlega skilning á því hvað felst í hugtakinu starfsþróun.

- a. Fagráð kynni skilgreiningu sína á hugtakinu starfsþróun meðal kennara, skólastjórnenda og annarra þeirra er málið varðar til að stuðla að fjölbreyttari vinnubrögðum þegar kemur að starfsþróun og ýta undir viðurkenningu á því að ýmis verkefni kennarans, önnur en t.d. formleg námskeið, falli undir starfsþróun hans (sbr. skilgreiningu).
6. Sjóðir eru að stórum hluta bundnir við einstök skólastig og skólagerðir. Það gæti virkað hamlandi á samvinnu og samstarf á milli þeirra.
 - a. Fagráð fjalli um hvaða leiðir í starfsþróun gætu verið færar til að stuðla að auknu samstarfi milli skólastiga/skólagerða.
7. Stærð sveitarfélaga, fjárhagslegt bolmagn og landfræðileg lega hefur áhrif á framkvæmd starfsþróunar sem leiðir af sér að kennarar, skólastjórnendur og ráðgjafar búa ekki við sömu möguleika til hennar. Alls staðar gilda þó sömu lagalegu og kjarasamningsbundnu skyldur. Þetta á einnig við um framhaldsskóla.
 - a. Lagt er til að fagráðið meti hvort þörf sé á sérstökum viðbrögðum hvað þetta varðar og þá hverjum.
 - b. Athyglisvert væri að leggja fyrir könnun á landsvísu þar sem stuðningur sveitarfélaga við kennara í leik-, grunn- og tónlistarskólum til starfsþróunar yrði skoðaður. Hér er ekki einungis átt við beinan fjárhagslegan stuðning heldur einnig sveigjanleika og svigrúm sem starfsfólk fær til að þróa sig í starfi. Sambærilega könnun þyrfti að leggja fyrir í framhaldsskólum.
8. Fé háskólanna er ekki sérstaklega eyrnamerkt starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Í skýrslunni kemur ekki fram hversu miklum fjármunum er varið í málaflokkinn. Ábyrgð háskólanna á starfsþróun kennara er óljós.
 - a. Vill fagráðið gera tillögur um hlutverk háskóla í því að sinna starfsþróun kennara? Eflaust má byggja á áður nefndum svörum fagráðsaðila um ábyrgð, hlutverk þeirra og skyldur á símenntun og starfsþróun kennara.
 - b. Vill fagráð stuðla að auknum möguleikum og bættu aðgengi starfandi kennara að einstökum námskeiðum í háskólunum?
9. Mikilvægt er að starfsþróun kennara, skólastjórnenda og ráðgjafa taki mið af stefnu skólans, menntastefnu í landinu og þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Sömuleiðis er mikilvægt að kennari geti metið og sinnt þörfum sínum sem einstaklings til að styrkja sig í starfi. Símenntunaráætlanir/starfsþróunaráætlanir gætu verið ákveðin aðferð til að hafa jafnvægi milli starfsþróunar einstaklinga og starfsþróunar innan skólans.
 - a. Fagráð íhugi leiðir til að jafnvægi sé á milli starfsþróunar einstaklinga og starfsþróunar innan skóla.
 - b. Fagráð íhugi einnig leiðir til að starfsþróun innan skóla skili sér inn í starf kennara með nemendum, faglegri þróun og nýjungum.
 - c. Upplýsandi væri að gera könnun á hvers konar starfsþróun kennarar og skólastjórnendur stunda og hve umfangsmikil hún er.